

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 31. ágúst 2022
Málsnúmer: 202208-0015
BK

Efni: Vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna íbúðarbyggðar í landi Breiðabólstaðar II í Reykholtssdal.

Við er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 15. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Fyrirhugað er að breyta landnotkun svæðisins í landi Breiðabólstaðar II og stækka núverandi íbúðarsvæði (íb3). Mun breytingin taka til 34,85 ha svæðis. Breytt landnotkun mun taka til landbúnaðarlands (L) og athafnasvæðis (A1) sem skilgreinast mun sem íbúðarbyggð. Ástæða breytingarinnar er skortur á íbúðarlóðum nærri þéttbýli Reykhólts. Með fyrirhugaðri breytingu munu þéttbýlismörk Reykhólts stækka sem nemur umræddu svæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og fylgigögn

Náttúrufræðistofnun veitti þann 8. apríl s.l. umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir ofangreinda breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar og þar var bent á eftirfarandi atriði:

- Aðalskipulagsbreytingin felur í sér umtalsverða breytingu á landnotkun og m.a. er mikil fjölgun íbúa á svæðinu áætluð. Fyrir utan rask sem verður vegna uppbyggingar á svæðinu mun álag á umhverfi aukast. Þá þarf að taka tillit til umhverfisþátta sem verða fyrir raski eða auknu álagi. Stefnt er að því að fjalla um umhverfisáhrif í umhverfisskýrslu sem jafnframt verður tilkynning um matsskyldu.
- Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að gerð umhverfisskýrslu byggist á góðum og nýlegum upplýsingum um náttúrufer svæðisins þ.m.t. gróður og dýralíf. Uppbyggingarsvæðið er í mikilli nálægð við Reykjadalssá sem er á gildandi náttúruverndarsvæði og hefur áin og umhverfi hennar hátt verndargildi, m.a. vegna búsvæða lífvera en einnig vegna ásynðar í landslagi.
- Þótt áætlað skipulagssvæði nái ekki inn á mörk náttúruverndarsvæðisins þarf að leggja mat á áhrif uppbyggingar á ána og næsta umhverfi sem og kortleggja gróður- og dýralíf innan skipulagssvæðisins þar sem t.d. er töluvert um votlendi. Náttúrufræðistofnun mælir með að gróðurfar og fuglalíf sé kannað sérstaklega en ekki einungis stuðst við eldri gögn. Sérstaklega þarf að kanna hvort sjaldgæfar plöntur finnast á svæðinu. Þá þarf að leggja mat á ásynðar- og landslagsáhrif af byggðinni.
- Við mat á umhverfisáhrifum ber að horfa til margþátta áhrifa þess að bæta við þéttbýlisbyggð nálægt náttúruverndarsvæði, m.a. áhrif vatns-, loft-, hljóð-, og ljósmengunar á lífríki, áhrif aukinnar bílaumferðar og áhrif aukinnar umferðar fólks af ýmsum toga t.d. gangandi eða hjólandi, sérstaklega við bakka Reykjadalssár og þar



sem fuglar verpa, áhrif gæludýra á fuglalíf, áhrif ræktaðra plantna í görðum og skjólbeltum á villtan gróður o.fl. þess háttar.

Í aðalskipulagsupprættinum kemur fram að haft var samband við Náttúrufræðistofnun Íslands og samkvæmt mati grasafræðinga þar var ekki talin þörf á frekari úttekt á gróðurfari svæðisins innan deiliskipulagsreitsins. Hins vegar væri þörf á að skoða fuglalíf svæðisins og leggja mat á áhrif út fyrir deiliskipulagssvæði, þ.e.a.s. Reykjadalsá og bakka hennar.

Sumarið 2022 var gerð úttekt á fuglalífi svæðisins og reyndist það vera nokkuð. Um vanmat gæti þó verið að ræða en, líkt og fram kemur í skýrslunni, þá fór úttektin fram á tíma þar sem líklegt er að varp einhverra fugla hafi þegar misfarist og þeir yfirgefið svæðið. Auk þess náði úttektin ekki út fyrir deiliskipulagssvæðið. Æskilegt væri að bæta úr því með því að kanna fuglalíf á varptíma við ána sjálfa.

Framkvæmdir taka mið af náttúruverndarsvæðinu við Reykjadalsá en bent skal á að mörk svæðisins eru ónákvæm og voru nokkuð gróflega dregin á sínum tíma. Á þeim kafla árinna þar sem hún beygir til norðurs virðast mörkin ekki ná 100 metrum frá árbakkanum en það er lágmarks fjarlægð sem miða ætti við að mati Náttúrufræðistofnunar. Æskilegt er því að framkvæmdir eigi sér ekki stað innan 100 metra frá bakka.

Í deiliskipulagsupprættinum kemur fram að „*Fuglalífer mest við ána og þá á varptíma á vorin.*” Andfuglar eru einnig við ána að vetri til auk þess sem varptími nær yfir lengri tíma en vorið.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

